

3. Það sem gera þarf eftir að þátttakendur hafa verið skráðir og þú veist að þú hefur einn eða fleiri fatlaða þátttakendur í hópnum:

- **Fáðu upplýsingar frá þátttakandanum** – einungis það sem skiptir máli fyrir námið.
Hvað þarftu að vita?
 - Tjáning og tjáningaraðferðir? –Hjálpartæki?
 - Félagslegir þættir –færni og hindranir?
 - Áhugasvið – fyrri reynsla – sérstakar óskir?
 - Hreyfifærni/líkamlegar hindranir – Skynjun?
 - Námsleg færni?
- **Hagnýt aðlögun námskeiðsins m.v. þátttakendur**
Þar með talin kennslugögn og tjáskipti, kennsluhlé, kennslutími, stærð nemendahóps, þörf fyrir stuðning o.s.frv.
Kennsluaðferðir þurfa að taka mið af öllum þáttum: tilgangi námsins, þátttakendum, kennara og öðrum aðstæðum. |
- **Undirbúa þátttakendur** – Góðar og viðeigandi upplýsingar áður en námskeið hefst.
Upplýsingar til fatlaðra þátttakenda á því formi sem best er aðgengilegt fyrir viðkomandi. Til dæmis fá viðtal milli kennara og þátttakanda, kanna staðinn áður en námskeið hefst, sjónræn gögn, annað?
Upplýsingar til annarra nemenda á sama námskeiði?
Upplýsingar fyrir annað starfsfólk á námsstaðnum?